

Með hempuna á hælunum
Rýnt í sjálfshjálparbók
Tyrfings Finnssonar
Skálholtssveins
Guðrún Ingólfsdóttir

Tyrfingur Finnsson stundaði nám í Skálholtsskóla á árunum 1728–1735, en 1737 varð hann prestur að Stað í Súgandafirði. Árið 1740 missti Tyrfingur kjól og kall þegar hann í drykkjuskap varð uppvis að afglöpum í messugjörðinni. Lítið er vitað um hann eftir það, en hann mun hafa orðið úti á milli bæja. Hans er ekki getið í manntalinu 1762, þannig að hann er dáinn fyrir þann tíma.

Fáein handrit eru varðveitt með hendi Tyrfings en hann var listaskrifari. Eitt þessara handrita er JS 612 4to sem varpar nokkru ljósi á líf þessa lítt þekktu prests á 18. öld. Rýnt verður í handritið og kannað hvað efni þess, bygging og skreytingar segja um skrifarann og tilgang hans með handritinu.

Menntun og starf Páls Björnssonar í Selárdal
Gunnar Marel Hinriksson

Páll Björnsson í Selárdal var einna lærðastur manna á sinni tíð og átti bjarta framtíð fyrir sér er hann kom heim frá námi í Höfn að mati Þorláks Skúlasonar Hólabiskups. Í erindinu verður farið yfir hver afdrif Páls urðu á Íslandi og hvort þau voru í samræmi við menntun hans og gáfur.

„Ísland reiknast liggja og lafa á
norðanverðum vesturhölluðum jarðarhnetti“
Síra Jón Daðason á Arnarbæli og Gandreið hans
Silja Hrund Barkardóttir

Fjallað verður um síra Jón Daðason á Arnarbæli, en hann og fjölskylda hans voru tengd Skálholtsbiskupi og var hann m.a. aðstoðarprestur biskups. Jón var viðurkenndur sem einn af lærðustu prestum síns tíma og var talinn fjölkunnugur. Hann skrifaði heilmikið fræðirit sem kallast Gandreið, sem er sérlega forvitnilegt. Enda fjallar það um nær allt á milli himins og jarðar og er einskonafræðirit í anda síns tíma, þó með alþjóðlegum íslenskum blæ. Enda var Jón vel að sér í erlendum fræðum, í bland við rammíslenska og jafnvel heidna hugmyndaspeki, og nær þó að stangast ekki á við kristna hugmyndafræði tímabilsins.

Dagskrá

Föstudagur 17. október

20:00 – setningarávarp

Sigurður Sigurðarson vígslubiskup

20:15 – erindi

Loftur Guttormsson
Þórunn Sigurðardóttir

Laugardagur 18. október

8:30 – árbítur

9:30 – erindi

Margrét Eggertsdóttir
Sigurður Pétursson

10:20 – kaffihlé

10:45 – erindi

Skúli Sæland
Vilborg Auður Ísleifsdóttir
Mjöll Snæsdóttir

12:15 – hádegismatur

14:00 – erindi

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir
Hrafn Sveinbjarnarson

14:45 – kaffihlé

15:00 – erindi

Guðrún Ingólfsdóttir
Gunnar Marel Hinriksson
Silja Hrund Barkardóttir

16:15 – pallborðsumræður

Kristinn Ólason forsögumaður

18:00 – Tónlistarflutningur í umsjón

Sumartónleika í Skálholti

20:00 – 17. aldar hátíðarkvöldverður

Sunnudagur 19. október

9:00 – árbítur

Menntun
og
menning
í
Skálholtsstifti
1620–1730

Ráðstefna

í

Skálholtsskóla

17.–19. október 2008

Ráðstefnan er öllum opin.

Þátttökugjald er kr. 5000. Veitingar innifaldar.

Dvalarkostnaður með fullu fæði kr. 22.000.

Áhugasamir geta haft samband við Skálholtsskóla
í síma 486 8870 eða í netfang: rektor@eyjar.is

© Skálholtsskóli 2008
<http://www.skalholt.is>

Gísli Oddsson Skálholtsbiskup og hrísvöndur drottins *Lofstur Guttormsson*

Í opinberri orðræðu markar biskupsdómur Gísla Oddssonar biskups (1631–1638) upphaf rétttrúnaðartímabils í Skálholtsbiskupsdæmi, nokkuð skýrt aðgreint frá biskupsdómi föður hans, Odds Einarssonar (1592–1630). Guðfræði hafði Gísli numið í Hafnarháskóla m.a hjá Hans P. Resen sem var helsti frumkvöðull lúthersks rétttrúnaðar í Danaveldi og varð Sjálandsbiskup 1615.

Í erindinu verður lýst helstu dráttum og birtingarmyndum rétttrúnaðarorðræðu Gísla biskups. Áhersla verður lögð á að sýna hvernig hann túlkaði stóráföll samtímans – sóttir, hallæri og Tyrkjaránið – sem „hrísvönd“, verðskuldaða refsingu drottins fyrir syndsamlegt líferni og óhlýðni lýðsins. Í þessu skyni verða m.a. dregin dæmi af Tyrkjaráninu sem bréfabók biskups geymir að þessu leyti mikilvægar heimildir um.

„A sojourner for breeding sake“ Um Þorleif Gíslason frá Hlíðarenda og Skálholtsakademíuna á tíunda áratug 17. aldar. *Þórunn Sigurðardóttir*

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að erfiljóði Páls Vídalíns um Þorleif Gíslason frá Hlíðarenda, sem var ort og prentað í Skálholti 1696. Þorleifur andaðist í Oxford 1677, 18 ára að aldri. Páll var þá skólameistari í Skálholti og Vísi-Gísli, faðir Þorleifs, dvaldi þar hjá dóttur sinni, Guðríði biskupsfrú. Kvæðið verður annars vegar skoðað í samhengi við ætterni hins látna og hins vegar út frá heim félagslegu og menningarlegu aðstæðum sem ríktu í umhverfi skáldsins þegar kvæðið var ort.

Handritamiðstöðin í Skálholti *Margrét Eggertsdóttir*

Á fyrri hluta sautjándu aldar urðu íslensk handrit eftirsótt erlendis og erlendir fræðimenn fengu áhuga á að kynna Íslendingum sem veitt gátu upplýsingar um handritin. Mörg verðmæt skinnhandrit voru send úr landi en um leið hófst uppskriftabylgja hér heima sem fólst í því að fjöldi presta og skrifandi leikmanna um land allt kepptist við að skrifa upp þessar gömlu bókmenntir. Handritamiðstöðvar urðu til í landinu og ein sú helsta var í Skálholti. Þar voru skólasveinar og skrifarar, lærðir menn og leikir, biskupsdætur og barnfóstrur. Biskup hélt skrifara sem fengu ýmis verkefni og fóru með honum í vísitásiur. Þótt mörg handrit séu varðveitt frá þessum tíma eru þau aðeins lítið brot af miklu stærri heild. Í fyrirlestrinum er ætluin að fjalla nánar um handritamenninguna í Skálholti, einkum í tíð Brynjólfs biskups Sveinssonar. Hverjir skrifuðu fyrir biskupinn, hvað skrifuðu þeir og hvað varð um það sem þeir skrifuðu?

„Obscurus Clarum Te Vir Venerande Saluto“ *Sigurður Pétursson*

Hver er maðurinn sem nefnir sig Obscurus Vir (Ókunnur maður) í upphafi latínukvæðis sem ort var sént á 17. öld? Á handritadeild Landsbókafns Íslands eru varðveitt þrjú blöð (Lbs 303 4to) frá lokum 17. aldar og er á þeim að finna tvö latínukvæði rituð með sömu hendi og uppkast að meðmælabréfi auk ýmiss konar smællis. Annað kvæðið er samið til heiðurs Þórði Þorlákssyni biskup í Skálholti og hitt Müller amtmanni. Höfundur er ókunnur en reynt verður að nálgast hann með því að túlka og rýna í það sem á blöðunum stendur.

Steinboginn og hústrú Helga *Skúli Saland*

Flest þekkjum við söguna um Helgu biskupsfrú sem fyrirskipaði bryta sínum að brjóta niður steinbogann í Brúará. Sagan segir að biskup af spád fyrir um henni yrði refsað fyrir ódæðið og að brytinn hafi druknað í Brúará skömmu síðar. Í fyrirlestrinum verður leitast við að skoða þær þjóðsögur sem tengjast steinboganum, leggja mat á heimildir um hann og hvaða innsýn þjóðsögurnar geti hugsanlega veitt um samskipti Skálhyllinga og almúgans.

Hugleiðingar um menntun kvenna í kaþólskum og lútherskum sið *Vilborg Auður Ísleifsdóttir*

Fjallað verður um hugtakið „menntun“ og tilhöggun á menntun kvenna í nunnuklastrum, sem voru sennilega einu formlegu menntastofnanir, sem konur áttu aðgang að. Rædd verður efnahagsleg undirstaða menntunarinnar, leidd rök að því hvað stúlkum var kennt og reflatöntun Vilkins biskups skoðuð. Athugað hvað uppgröfturinn á Skriðu segir um spítalahald í klastrum svipast um eftir konum í Kirkjuordinanzíu Kristjáns III og menntunarmöguleika kvenna eftir siðskiptin hugleidd.

Skálholtskóli *Mjöll Snæsdoóttir*

Fornleifarannsóknir þær sem unnið hefur verið að í Skálholti 2002-2006 höfðu það heildarmarkmið að rannsaka að fullu og miðla upplýsingum um staðarhús í Skálholti eins og þau voru á 18. öld, áður en biskupstóll þar var aflagður og meðan Skálholt var enn eitt mesta menningarsetur landsins. Í erindinu verður einkum fjallað um skólabygginguna sem er austast á rannsóknarsvæðinu. Sýndar verða myndir og uppdrættir og minjar skólans skoðaðar ef veður leyfir.

Tónlistararfleið Þórðar biskups Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

Áhrif Þórðar Þorlákssonar, Skálholtsbiskups, á menntun og menningu Íslendinga náðu langt út fyrir Skálholtsstifti og lifðu áfram eftir hans dag. Þórður var tónlistarmaður og flutti hljóðfæri til landsins auk þess sem hann prentaði kennslurit í tónfræði aftan við Grallarann 1691.

Í erindinu verður lítið sérstaklega á tónlistararfleið Þórðar, en hann hlaut mjög góða menntun bæði hér heima og erlendis, þar sem honum stóð m.a. til boða framúrskarandi tónlistarkennsla, sérstök áhersla verður lögð á hvernig tónlistarkunnátta Þórðar lifði áfram með nemendum hans sem og í 18. aldar tónlistarhandritum.

Nokkur orð um tónlistarkennslu í Skálholti Hrafn Sveinbjarnarson

Farið verður yfir nokkra þætti í langri en um margt óljósi sögu tónlistarkennslu í Skálholti.